

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1987.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

Snorri Olsen.

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

<b>1. Vottorð um veður.</b>	Kr.
1.1. Grunnjald .....	420
1.2. Hvert atriði í veðurathugun .....	7
1.3. Endurrit á veðurspám	
Veðurlýsing, yfirlit .....	95
Veðurspá fyrir spásvæði .....	95
Sé vottorð gefið á erlendu máli leggjast 50% ofan á grunnjald.	
<b>2. Sérþjónusta á veðurspádeild.</b>	
2.1. Teiknuð drög að Íslandskorti, 24 klst. eða 36 klst. spár .....	565
2.2. Teiknuð drög að Íslandskorti fyrir sjónvarp, 24 klst. spár .....	565
2.3. Fullunnið yfirlitskort fyrir dagblöð .....	1 125
2.4. Sérsmáttar veðurhorfur fyrir afmörkuð svæði .....	285
2.5. Fyrir aðra sérþjónustu sem unnin er reglulega er tímaeining metin og sama viðmiðun notuð.	
<b>3. Útseld vinna sérfræðinga á klukkustund.</b>	
3.1. Almenn sérfræðistörf .....	1 540
3.2. Umfangsmikil sérfræðistörf .....	1 645
3.3. Sérfræðistörf með stjórnun .....	1 761
<b>4. Útseld tölvugögn.</b>	
4.1. Farið inn á afleiddar skrár á stöð og mánuð .....	14
4.2. Frumathuganir (á 1000 athuganir) .....	140
4.3. Lágmarksgjald beggja liða .....	1 400
4.4. Tölvuvinnslukostnaður greiðist samkvæmt tímareikningi tölvu og taxa SKÝRR.	
<b>5. Önnur þjónusta.</b>	
5.1. Sérrunnið mánaðaryfirlit á stöð og mánuð .....	650
5.2. Tölvuprentun á mánaðaryfirliti á stöð og mánuð .....	200
5.3. Clímat-áskrift á stöð og mánuð — 1 stöð á ári .....	1 700
5.4. Fyrir hverja stöð til viðbótar .....	250

**6. Innheimta.**

6.1. Gjöld þessi greiðast hjá gjaldkera Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30, 7. júní 1985, um Veðurstofu Íslands, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um sama efni, nr. 480, 27. nóvember 1986.

*Samgönguráðuneytið, 29. desember 1987.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

Ólafur S. Valdimarsson.

**GJALDSKRÁ**

**fyrir hundahald í Bolungarvík.**

1. gr.

Gjald fyrir hundahald í Bolungarvík skal vera kr. 500,00 á mánuði frá og með 1. mars 1988.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera 4 000,00 í fyrsta skipti, kr. 8 000,00 í annað skipti og kr. 12 000,00 í þriðja skipti frá og með 1. mars 1988.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Bolungarvíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi frá og með ofangreindum degi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Bolungarvíkurkaupstað nr. 118 frá 13. mars 1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1987.*

F.h.r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Soffía Magnúsdóttir.

**AUGLÝSING**

**um áskriftargjald Stjórnartíðinda.**

Áskriftargjald hefur verið ákveðið kr. 1 500,00 fyrir árganginn 1988.

Einstök hefti kosta kr. 50 séu þau minna en 50 bls., en kr. 100 séu þau stærri.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1987.*